

FIMM ÁR ÍSLENZKRAR MYNDLISTAR

Góðvinur minn einn tjáði mér um daginn, að sér þætti lítið um það vert að lesa listdóma þar sem auglýsinga skorti mjög á nákvæmni í lýsingum og hugtökum þeim, sem notuð eru þegar rætt er um myndlist. Hins vegar brizla ýmsir heiðursmenn mér um, að ég fari í skrifum mínum um myndlist með allt of skólameist araleg vísindi, akademisma, ef ekki óislenzka starfsemi. — Í þessum vanda barst mér óvænt liðveizla í blaðagrein eftir ung- an, mér ókunnan höfund, Magnús Skúlason (Vísir, 20. þ. m.) Vil ég sérstaklega þakka honum fyrir skrif hans. Ég er í mörgum atriðum hjartanlega sammála honum. Hann hefur hreinsað úr garðinum margs konar illgresi misskilnings, og ætti nú að vera nokkru hægara

um vik, að ná samkomulagi um það, sem máli skiptir í myndlist.

Í þágu þeirrar nákvæmni, sem réttlæga er krafist, vil ég þó leggja áherzlu á eitt atriði: Á sýningu þeirri, sem nú stendur yfir, má oft heyra


MYNDLIST

þeirri skoðun haldið fram, að figuð hinnar íslenzku náttúru komi þar of lítið fram. Er því ekki full þörf á að spyrja, í hverju þessi figuð felist og hvernig hún setji svip sinn á íslenzka myndlist? Figuð, — felst hún ekki fyrst og fremst í


stórfengleika þessa viðattu mikla lands, í ljóma sumar- skróðsins og ótæmandi gnægð lita og birtu, sem baða jökla, eldfjöll og hraunfláka þess? En eigi hugtakið að vera meira en sumarleyfis-hrifning, þá hlýtur það einnig að ná til alls hins: einverunnar, nektar og grimmdar og takmarkalauss miskunnarleysis þessarar vold- ugu náttúru. Þar eru að verki öfl andstæðnanna, sem skora manninn á hölm, vekja með honum kraft, frelsi og vilja til sjálfstæðis. Sú vitund, að hann getur ekki hjúfrað sig að faðmi algóðrar náttúru kallar hann til sjálfs sín.

Einmitt þessi figuð kemur greinilega fram í mörgum myndum þessarar sýningar, meira að segja með líkum hætti og hún hefur birt í íslenzkri list um aldir, því að ég hygg, að hún hafi lítið aflagast í 1000 ár. Á ég hér við Íslendingasög- urnar og það, sem enn er til af gamalli íslenzkri myndlist. Þar birtist hún þó ekki sem eftirlíking ytri staðreynda, heldur mun frumlegri, innst í eðli mannanna, sem hún mótaði, í hugsun þeirra, tilfinningum og tjáningarvilja; og svo mun enn vera í dag.

— En heffum nú göngu okkar um sýninguna og reynum að afla okkur nokk-



Eiríkur Smith



Jóhannes Jóhannesson

litra þríhyrninga. Hlutverk þessa teppis er að gera kaldan vegg hlýjan, að gæða dauðan flöt lífi lita og forma. Þetta er mynd. Eftirtektarvert er, hvernig vefnaðartækni og myndskip- an eru hvort öðru háð, og veld- ur þetta samræmi því, að mynd

eru dregin yfir léreftið; lista- konan er þó óháðari en vefnað- arkonan. Hún getur hagnýtt sér allar áttir. Myndflöturinn er þakinn línuneti. Reitina, sem þannig myndast, fyllir Guð- munda með litum. Hún gerir það á viðkyðman, fremur hlé- drægan, fagaðan hátt. Þetta dæmi sýnir hvernig listamaður- inn sveigir efnivið og listræn tæki til hlýðni við lögmál mynd byggingarinnar. Sumir kunna að misskilja eða rangtúlka sem fátækt það, sem í raun og veru er róttæk listræn hagsýni.

Göngum nú skrefi lengra. Ég leyfi mér að beita nokkrum kenskubrögðum, sem e.t.v. geta gert okkur kleift að skyggast betur inn í verkstæði lista- mannsins. Ég ber saman tvær myndir, aðra eftir Eirík Smith og hina eftir Jóhannes Jóhann- ession. Ég ítrekaði aðallínurnar í byggingu beggja myndanna með svörtum strikum, og kom þá nokkuð óvænt í ljós: Þær eru furðu áþekkar hvor annarri í teikningu og komposition. Í þungamiðju hvorrar myndar um sig er tígulform (3) og fer- hyrningur (1), svo til á sama stað, þó misstór. Línan, sem stígur frá vinstri rönd myndar- innar í átt til ferhyrningsins (1) hefst á sama stað og mynd- ar jafnstórt horn við röndina á báðum myndunum. Áhorfandan- um mun sjálfum vera auðvelt að gera sér grein fyrir fleiri atriðum (með aðstoð tölusetning- anna), sem sýna þenna skyld- leika og að sjálfsgöðu einnig fyrir því, sem ólíkt er. Aðal- munur myndanna er sá, að efri fjórðungur til hægri í mynd Jóhannesar er auður. Ég vil


Frs. á bls. 5.

Eftir KURT ZIER


urra upplýsinga um lög- mál og leyndardóma mynd- sköpunar, er aðeins myndirnar sjálfar geta veitt. Við byrjum á frekar hlutlausu dæmi: Ás- gerður Búadóttir sýnir vegg- teppi („Krossfarar“). Á því er sýnd listræn skipan lína, sem mynda rytmiska samstæðu mis

in er einkar skýr. Hún lýtur engu öðru en sínu eigin lögmáli. (Andstætt dæmi væri vegg- teppi „með Surti á“, sem nú er selt hér í bænum).


Myndir Guðmundu Andrés- dóttur minna að nokkru á áður nefndan vefnað: Strik



Valtýr Pétursson



Nína Tryggvadóttir



Hafsteinn Austmann

útlönd í morgun

útlönd í morgun

útlönd í morgun

útlönd í morgun

GRIVAS ofursti aftur með „fingur í spiliinu“ á Kýpur

Grivas ofursti, — EOKA — leiðtoginn fyrrverandi á Kýpur — fór með leynd þangað fyrir nokkrum dögum, og þykir ferð hans mörgum grunsamleg. Hann hefir nú, að því er hermt er eftir áreiðanlegum heimildum, rætt mörgum sinnum við Makarios erkibiskup, en þangað til í gærkvöldi hafði því verið neitað bæði af Kýpurstjórn og grísku stjórninni, að hann væri á Kýpur.

Þetta var þó eftir að vitað var, að hann hafði rætt við Makarios, og hefir því þannig verið haldið leyndu af opinberu hálfu að yfir-löngu ráði, hvert hann hafði farið og hveir erinda, en það var sagt frá því í grísku blaði um helgina, að hann væri farinn frá Aþenu og til Kýpur.

Nú er sagt, að Grivas ofursti hafi sjálfur átt frumkvæðið að því að fara til Kýpur til að freista að sætta þjóðabrotin þar, og er því varlega trúað, en jafnframt fréttist, að hann ræði varnir Kýpur, ef Tyrkir skyldu gera innrás, og þykir mörgum líklegur, að Makarios hafi kvatt hann á sinn fund.

En nú eru forsætisráðherrar Tyrklands og Grikklands báðir komnir til Bandaríkjanna.

Inonu átti stutt viðtal við John-



Inonu

son forseta í gær og Pappandreu ræðir við forsetann á morgun, og hvor um sig ræðir við U Thant og báðir fara til London á heimleið og ræða við brezklu stjórnina — en hvor í sínu lagi.

Ekki þykir góðs viti, að Grivas ofursti hefir nú aftur fingur með

í spiliinu á Kýpur, en miklar tilraunir eru nú gerðar til þess að afstýra að Tyrkir og Grikkir berjist út af Kýpur. Er mikið í hættu, ekki aðeins framtíð Grikklands, Tyrklands og Kýpur, en einnig allt samstarf Grikkja og Tyrkja í NATO, og allt vestrænt samstarf



Grivas

á austurhluta Miðjarðarhafs gæti hrunið til grunna, ef barizt yrði út af eynni.

Allt að losna úr reipunum í Kongó við burtför gæzluliðs

Seinasta lið Sameinuðu þjóðanna í Kongo á að vera farið þaðan í lok mánaðarins, og þegar er eins og allt sé að losna þar úr reipunum.

Uppreisnarmenn í norðurhluta Katanga hafa myndað stjórn í Albertville, en þaðan hafa borizt óljós ar fréttir að undanfögnu. Þó er vit að, að sambandsstjórnin hafði sent þangað lið til að bæla niður upp-reisnartilraun og var sagt, að Mo-

buto yfirhershöfðingi stjórnaði hernaðaraðgerðum. Nú herma fréttir — frá belgiska aðalræðismanninum í Kongo komnar, — að allir hvítir menn í Albertville hafi farið þaðan fyrir nokkru, og sambands-hermennirnir eru nú einnig sagðir farnir þaðan.

Það eru stuðningsmenn Pierre Mulele, sem myndað hafa stjórn í Albertville, en Mulele hefir komið allmjög við sögu í Kongo. Hann

fékk sína stjórnmalalegu upp-fræðslu hjá lærimeisturum í Pek-ing.

Olga mikil er einnig sögð vera í Stanleyville, og engu líkara en sambandsstjórnin sé að missa tökin á öllu í landinu, að minnsta kosti norður frá, og nýlega gaus upp orð rómur um, að Adoula væri að fara frá, en hann bar til baka. Þá voru á kreiki lausafréttir um að Moise Tsjombe yrði tekinn í sátt og valinn eftirmaður Adoula.

MYNDLIST —

Framh. af 3. síðu.

taka það fram, að þessi skyld-leiki kemur aðeins fram þegar svart-hvítar endurprentanir eða ljósmyndir eru athugaðar. Hér er ekki um neitt einstakt til-felli að ræða, og vil ég rök-styðja það með eftirfarandi: Ég bar einnig saman og greindi á svipaðan hátt myndir eftir Nínu, Valtý og Hafstein. Les-andinn getur sjálfur um það dæmt, að hve miklu leyti aðal-stefin (sérstaklega í vinstri helming myndanna) líkjast hvert öðru, og einnig um það, í hverju formtilbrigði þeirra eru fólgin. Sjálfum finnst mér árangurinn af slíkum samanburði mjög merkilegur, næsta furðu-legur. Hvaða ályktanir má draga af þessu? Ég endurtek, að þessi líking nær aðeins til uppbyggingar myndanna, eins og hún kemur fram á svart-hvíttri ljósmynd. Með tilliti til litavals og litasamsetninga eru myndirnar gjörólíkar. Þetta sannar, að liturinn er aðaltæki persónulegrar tjáningar um-ræddra listamanna. Mætti segja, að það væri einkenni á íslenskri myndlist almennt.

En hvað táknar þessi óvænta samsemd í myndbyggingu? Bendir hún til þess, að einstakir listamenn, hver öðrum óháðir, uppgötvi sameiginlegt lögmál myndbyggingar? Er hin nýja list ekki eins háð einstaklings-hyggu og sjálfræði og oft hefur verið haldið fram? Er hún far-

in að þróa með sér sérstakar mynda-typur, — myndgerðir? Er að þróast hér sérstæður íslenzkur „skóli“? Það hugtak var einmitt notað í annarri blaðagrein um þessa sýningu (Morgunblaðið). Öllu þessu verður tæplega svarað í fljótu bragði, en bölsýnir menn myndu ef til vill álykta sem svo, að tilbrigðin séu að þrot-um komin.

— Eftir að hafa þannig athugað sameign nokkurra lista-manna mun enn fróðlegra vera, að athuga nánar í hverju hin persónulegu sérkenni þeirra lýsa sér. Sökum rúmleysis skal aðeins drepjið á eftirfarandi: Myndir Þorvalds virðast mér gæddar meiri hreyfingu en í fyrra, og litasveiflur í þeim fjölskrúðugri. List Nínu Tryggvadóttur einkennist af mjög fagaðri litaáferð og notk-un fínna blæbrigða, er skorð-ast við fáeina aðaltóna. Krist-ján Davíðsson kom mér mjög á óvart. (Ég gat því miður ekki séð sýningu hans á dögum). Í verki hans (mynd nr. 42) kemur einna skýrast fram eðli hinnar nýju listar, sem malar ekki blómið sem hlut, heldur blómgunina. Í þessari mynd birtist á dökkbláum grunni blóðrauður litur, er síðan blómstrar upp í hárautt og orange. Minnir þetta okkur á ummæli Kandinskys: „líð hreina, undursamlega mál lit-

anna sjálfra“. — Í myndum Steinþórs Sigurðssonar aftur á móti ríkjá litir, sem minna á veðurbarða klettaskóf, minna á ryðgrænu, patínu blandaða gulli, á allt, sem er þurrt, heitt, molnað. — Benedikt er hins vegar bundinn ákveðnu stefi. Haustið breytist í pensli hans í eins konar yfirgefna álfaborg eða draumaland, sem hann þráir, en er þó hvergi til nema í honum sjálfum. Þannig mætti lengi telja.

Við erum nú leidd inn að kjarna sýningarinnar með myndum eftir Júlíönu Sveins-dóttur, Jóhann Briem, Kjarval og Sverri. Í myndum Júlíönu Sveinsdóttur, óma hughrif hinn ar þunglyndu fegurðar landslags ins, sem hún mótar í stórum flötum. Jóhann Briem stefnir þegar að sjálfstæðari verkun litanna. Kjarval þræðir sína braut. Sigurður Sigurðsson sýnir landslagsmynd, sem er mjög kúltiveruð í litrænu jafn-vægi sínu. Skyldi hann — með mynd nr. 54 vera að rétta hönd sína hinum félögunum, sem meira liggur á? Verk hans sanna, að allt það, sem áður var lýst, er unnt að fram-kvæma á allt annan hátt en þar var gert. Hvaða gildi hafa stefnur? Svo sýnir Scheving vornótt sína: Tvær sveitatelpur, hundurinn og tunglið. Einnig þessi mynd öðlast líf af litun-um. Af samhljómi hins heita gula og smaragðgrænu himins-ins, hitað upp með orangelit tunglsins. Í svart-hvíttri eftir-prentun mundi hún undir eins slökka.

Margt fleira gefur á að líta

í hliðarherbergjunum, sérstak-lega svartlist eða grafik. Meðal annarra verka hafði ég gaman af blöðum Harðar Ágústssonar. Hann gæðir myndflötinn lífi með því að túlka þar struktúr, gerð-, efnisins og vaxtar-rythma þess, sem lifir. —

Allt eru þetta áfangastaðir hinnar íslenzku myndlistar. Allt er þetta hin fjölskrúðug-asta Íslands-lýsing, og ég held að réttilega hafi verið á það bent, að þessi sýning mundi varðveita eðli sitt, meira að segja enn skýrar en hér, í öðrum löndum eða í öðru um-hverfi, og sýna, að hún er vissulega af íslenzku bergi brotin.

— Að lokum snúum við okkur að höggmyndalistinni, en hún er af heldur skornum skammti á þessari sýningu, og liggja til þess ýmsar ástæður. Ásmundur sagði mér glottandi, að hann hafi ekki séð sér fært að koma með Sonatorrek eða svipaðar höggmyndir á sýning-arstað. Víst hefur Sigurjón Ólafsson fleiri hesta í haga en úr þungum steini. Þess vegna verður sýningargesturinn að heimsækja þessa listamenn á verkstaðum, þeirra, ef hann á annað borð vill öðlast yfirlit um 5 síðustu ár höggmynda-listar á Íslandi. Ekki má held-ur gleyma Gerði Helgadóttur, sem erlendis dvelur.

Kristinsmyndin eftir Ólöfu Pálsdóttur svífur í lofti; að visu enn aðeins uppkast að högg-myndinni. En hvert stefnir, ef maður hugsar sér þetta verk fullgert? Mundi það duga, að þrautvinna öll form líkamans til að framkvæma til fulls hug-

mynd höfundarins: Krosstákn í líkingu við mannslíkamann? Steinninn er þungur, en hér er honum ætlað að svífa (Barlach reyndi það einu sinni með brons-engil, sem hann hengdi upp með keðjum). Ég veit ekki hvaða lausn vakir fyrir lista-konunni. Víst er, að högg-myndalistin hefur nú uppgötv-að alveg nýja vídd: Tómrúmið. Hún hefur þróað holrúms-skulptur, eins og Jón og Guð-mundur Benediktssynir sýna. Hér er ekki um rúmtakið og þunga efnisins að ræða, heldur um listræna skipan tómsins. Þess konar myndir gætu leyst af hendi slík verkefni, sem Ólöfu Pálsdóttur eru hugstæð. Slíkar myndir má hengja upp. Þær svífa, spenna sig gegnum tómið, þær geta verið hreyfan-legar, þær yfirvinna þyngdar-lögmálið. Nú er unnt að móta vindhviðuna, er bærir lauf og runna eins og Calder hefur sýnt okkur með „mobílum“ sínum. Báðar gerðir slíkra höggmynda eru hér sýndar. — Úr hópi allra höggmyndanna skara þó andlitsmyndir þeirra Sigurjóns og Guðmundar Elíassonar fram úr; þess væri óskandi, að Guð-mundur fengi einnig tækifæri til að fá nokkur verk sín steyp-t í brons.

— Fimm ár íslenzkrar myndlistar. Ég held að segja meg, að tilgang-inum með þessari sýningu hafi þrýðilega verið náð.

Hún er mjög til sóma hinni íslenzku myndlist og setur sterkan svip á listahátíð þá, sem nú er senn lokið.

Kurt Zier.